Tillögur fiskveiðiráðgjafarnefndarinnar:

Verstu tíðindi allra tíma fyrir sjávarútveginn

– gæti þýtt 14 til 15 milljarða tekjutap fyrir þjóðarbúið, segir Þorsteinn Pálsson


„Þetta gæti þýtt 14 til 15 milljarða króna tekjutap fyrir þjóðarbúið. Enn sem komið er er nú ekki hægt að tala í þeim stærðum því engar ákvarðanir hafa verið teknar um niðurskurð. Við stefnum að því að sú ákvörðun verði tekin fyrir lok júlímánaðar. En því miður sýnist það vera að koma í hausinn á okkur að við höfum um langan tíma skellt skolleyrunum við tillögum vísindamannanna. Yfirvöld hafa ákveðið meiri árlegan afla en Hafrannsóknastofnun hefur lagt til. Auk þess hafa stjórnvöld verið hikandi við að fylgja eftir fiskveiðistjórnun sem leyfði að heildarafli yrði innan settra marka," segir Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra um tillögur fiskveiðiráðgjafarnefndar Alþjóða hafrannsóknaráðsins.

„Niðurstaða fiskveiðiráðgjafarnefndarinnar eru alvarleg tíðindi. Sennilega einhver verstu tíðindi sem íslenskur sjávarútvegur hefur fengið fyrr eða síðar. Að vísu eru þessar tillögur ekki orðnar að veruleika. Við eigum eftir að fá ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. En frá mínum bæjardyrum séð er alveg augljóst að við stöndum frammi fyrir mjög miklum erfiðleikum og samdrætti í þorskveiðum.

Okkar ábyrgð er sú að varðveita fiskistofnana þannig að þeir verði til langrar framtíðar undirstaða lífskjara meðal þjóðarinnar. Því verðum við að taka mark á þeirri bestu vísindalegu þekkingu sem við höfum hverju sinni.

Með hliðsjón af því hversu alvarleg tíðindi þetta eru og vegna þess hversu mikla efnahagslega hagsmuni er hér um að ræða hef ég ákveðið að fá erlendan sérfræðing til ráðuneytisins. Hann mun gefa okkur álit á rannsóknaraðferðum og rannsóknarniðurstöðum Hafrannsóknastofnunar. Á þann hátt fær ráðuneytið sjálfstætt álit frá erlendum sérfræðingi áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar um niðurskurð á þorskkvótanum."

-J.Mar



Á Kjarvalsstöðum stendur yfir sýning á verkum hins heimsfræga listamanns, Míró, sem talinn er einn frumlegasti myndlistarmaður 20. aldar. Á myndinni má sjá sýningargesti virða fyrir sér eitt verka hans.

DV-mynd GVA

Fiskveiðiráðgjafarnefndin:

Þorskkvótinn verði minnkaður um 40 prósent

Ef sóknin í þorskstofninn verður minnkuð um 40 prósent á næsta ári mun hrygningarstofninn stækka og að öllum líkindum ná um 300 þúsund tonnum árið 1995. Þetta þýðir að þorskaflinn verði takmarkaður við 150 þúsund tonn árið 1993 en muni síðan aukast hægt og bítandi á næstu árum vegna stækkunar stofnsins. Þetta er sú leið sem fisveiðiráðgjafarnefnd Alþjóða hafrannsóknastofnunarinnar leggur til að Íslendingar fari til að þorskstofninn stækki á nýjan leik en það myndi minnka líkurnar á áframhaldi þeirrar lélegu nýliðunar sem verið hefur undanfarin ár.

Meðalstærð árganga frá 1952 til 1991 er rúmlega 200 milljónir en meðalnýliðun síðan 1985 er undir 140 milljónum. Umhverfisaðstæður í sjónum hafa verið breytilegar á þessum tíma en hins vegar hefur hryngingarstofninn verið í minna lagi öll árin eða frá því að vera innan við 200 þúsund tonn og upp í tæp 350 þúsund tonn.

Ef fram heldur óbreyttri sókn í stofninn er ljóst að hrygningarstofninn mun minnka talsvert á næstu árum og raunar minnkar aflinn ár frá ári og stefnir í um 200 þúsund tonn eftir nokkur ár. Óbreytt sókn mun gefa um 250 þúsund tonna afla á árinu 1993. Verði sókn minnkuð um 20 prósnet á árinu 1993 mun það leiða til að hryggingarstofninn mun standa sem næst í stað og afli verði um 200 þúsund tonn á árinu 1993. Þeirri leið fylgir mikil áhætta að mati fisveiðiráðgjafarnefndarinnar. Því er lagt til að sóknin verði minnkuð um 40 prósent á næsta ári.

Hafrannsóknastofnun hefur ekki enn komið fram með tillögur að þorskveiðikvóta næsta árs. Í gær vildu menn þar á bæ ekki tjá sig um hvað þeir myndu hugsanlega leggja til að þorskvótinn verði skertur mikið. Hins vegar telja fróðir menn að tillögur fisveiðiráðgjafarnefndarinnar gefi forsmekkinn að því sem koma skal.

-J.Mar

Mál dómaranna í Hafnarfirði:

Þetta grefur undan trausti á dómstólum

– segir Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands

„Verði misbrestur í störfum dómara ber dómsmálayfirvöldum að fylgjast með, það er hlutverk þeirra, það er dómsmálaráðuneytisins og forstöðumanna dómstólanna. Bregðist þetta er grafið undan trausti almennings á dómstólunum og það hörmum við náttúrlega," sagði Valtýr Sigurðsson, formaður Dómarafélags Íslands, þegar hann var spurður um afstöðu félagsins vegna þeirra mála sem komið hafa upp vegna tveggja dómara í Hafnarfirði, Guðmundar L. Jóhannessonar og Finnboga Alexanderssonar.

„Við viljum fylgjast með þegar gagnrýni kemur frá dómsmálaráðuneytinu á störf dómara, helst hvað hefur verið gert af slíku yfirleitt. Við viljum fá afrit af því sem gert hefur verið. Félagið vill að það verði látið vita. Við viljum árétta að sakaður maður í opinberu máli á rétt á að mál hans sé til lykta leitt innan hæfilegs tíma og að fá vitneskju um niðurstöðu máls. Einnig eiga þeir sem leita aðstoðar dómstólanna til að ná fram kröfum að geta treyst því að mál séu tekin fyrir og til lykta leidd innan eðlilegs tíma.

Við tökum ekki efnislega afstöðu. Við erum að benda á að þetta sé meginregla. Þennan rétt eiga íbúar í siðmenntuðum löndum og við höfum þungar áhyggjur ef þessi ákvæði eru brotin. Þetta er áhyggjuefni stjórnarinnar gegn dómarastéttinni í heild."

– Það er varla að ástæðulausu sem þið takið svona sterkt til orða?

„Það eru ýmis mál sem hafa komið fram sem virðast vera brotalöm."

– Héraðsdómarar hafa forgangsrétt að embættum við nýju dómstólana. Var það að ósk Dómarafélagsins?

„Það má ekki nota tækifærið við þessa breytingu til að segja dómurum upp eða endurráða ekki. Allir þeir sem hafa verið taldir hæfir eftir gamla kerfinu hafa forgangsrétt."

– Sýna dæmin það ekki að þetta hefðu verið kjörin tímamót til að hreinsa til?

„Það tel ég ekki. Ef eitthvað er ekki í lagi þá á að taka á því, óháð breytingum á dómsmálaskipaninni."

– Nú hafa dómara þá sérstöðu að það er ekki hægt að vísa þeim úr starfi nema með dómi. Er þetta ekki úrelt ákvæði?

„Ef ákvæðin eru ekki notuð eins og á að nota þau. Þessi ákvæði eru til að veita dómurum vernd, þau eru til að almenningur geti treyst því að dómarinn geti komist að niðurstöðu án þess að óttast um stöðu sína og jafnvel dæmt á móti stjórnvöldum. Dómarar verða að gæta þess að misnota ekki vernd."

-sme

Hreinna og ómengaðra andrúmsloft

Tóbaksvarnanefnd stendur fyrir átakinu hreint loft í þessari viku. Í dag, þriðjudaginn 2. júní er sérstaklega helgaður bílum. Þá verður vakin athygli fólks á loftmengun frá bílum og bent á leiðir til að draga úr henni.

Bílgreinasambandið er í þessu tilfelli með átak varðandi mengunarmælingar og aðilar innan þess eru hvattir til þess að bjóða sérstaklega upp á afgasmælingar. Bíleigendur eru einnig hvattir til að hafa bíla sína rétt stillta, þannig að mengun sé í lágmarki. Í því sambandi er bent á að vel stillt vél eyðir minna eldsneyti og mengar minna.

Hér er ekki eingöngu um að ræða þessa einu viku heldur verður þetta framtíðarverkefni.

-ÍS